



Hugarheimur
skúffuskálds

Steinunn Dagmar

Hugarheimur
skúffuskálds

Hugarheimur skúffuskálds

© Steinunn Dagmar 2019

Öll réttindi áskilin

Bók þessi er lokaverkefni til stúdentsprófs frá
Verkmenntaskóla Austurlands

Kápa og myndskreytingar eftir Steinunni Dagmar

Steinunn Dagmar

Hugarheimur
skúffuskálds



Steinunn Dagmar er fædd og uppalin á Reyðarfirði. Hún er þrjóskt og spaugsamt aldamótabarn sem horfir á heiminn með opnum hug. Hún hefur gaman að list í ýmsu formi, allt frá teikningum til bollastella. Steinunn hefur mikla ástríðu fyrir pennum, er plöntuvinur og skipulagsperri. Einnig hefur hún gaman af því að leika sér með tungumálið og velta fyrir sér spurningum eins og: „hvert förum við þegar við deyjum?“

Frá höfundu

Upphaf minna skapandi skrifa má rekja til vangetu minnar þegar kemur að tjáningu tilfinninga. Sem barn tjáði ég mig lítið um líðan mína og geymdi því allar tilfinningar innra með mér. Þegar ég óx úr grasi og náði tókum á blýantinum byrjuðu tilfinningar mínar að rata á blað. Það er virkilega frelsandi að geta deilt hugsunum sínum, þó ekki sé nema bara með fagur skreyttri stílabók en það er einmitt það sem ég gerði.

Ég er oft í mínum eigin heimi og hef verið frá því að ég man eftir mér, flest ljóðin eru því spröttin út frá hugsunum mínum líkt og titill bókarinnar gefur til kynna. Þegar ég er í einrúmi og laus við ytra áreiti fæ ég gjarnan hugmyndir sem ég verð að vinna með, til að mynda fékk ég hugmyndina að fyrsta ljóði bókarinnar þegar ég var að sofna eitt kvöldið.

Fram til þessa hafa flest mín ljóð verið melankólsk og þung en ég ákvað að fyrir þessa bók, sem er lokaverkefni frá Verkmenntaskóla Austurlands, langaði mig að gera eitthvað öðruvísi og skemmtilegt svo í þessu ferli hef ég verið að prufa mig áfram í því að semja fjölbreyttari ljóð.

Þessi bók er tileinkuð
litlu stelpunni inni í mér


hæglæsu skólastelpunni
sem gekk illa að stafsetja

litlu stelpunni sem hélt
að hún gerði ekkert nógu vel

Litir regnbogans

Hugur minn er eins og himinninn
litríkur og grár
græðandi en tortímandi
skondinn en alvarlegur

Hugur minn er himinninn
litríkur og grár
bjartur en drungafullur
einfaldur en margbrotinn í senn



Viðurkenning tilfinninga

Þerraðu tárin
sjúgðu upp í nös
og hertu þig upp

Sagði ég við sjálfa mig
þar til tárin hættu
að streyma niður vangann

Þerraðu tárin
sjúgðu upp í nös
og hertu þig upp

Sagði ég við sjálfa mig
í stað þess að gangast við
mannlegum tilfinningum mínum


3/4

Hvar í röðinni ert þú?
númer þrjú af fjórum

Er til orð yfir það?
nei ekkert slíkt

Hvernig er að vera í þinni stöðu?
ímyndaðu þér
að vera stundum yngra athlægi
inn á milli jafningi
og einstaka sinnum eldri leiðbeinandi

Ertu viss um að orðið sé ekki
aðlögunarhæfni?



Ekta Íslendingur

Þegar golan lætur mig grenja
og slabbið fær mig til að bölvva

Þegar frostið bítur í fingurna
og regnið fær mig til að öskra

Þá langar mig að pakka niður
fara burt
og aldrei koma aftur

Þegar sólin skín á ný
og blómin blómstra

Þegar úti er heitt
og allir fá sér ís

Þá minnst ég þess
að hér er gott að vera

Ég má vera ég

Hve breytt hefði æska mín verið
ef ég hefði lært
ef ég hefði fundið
ef ég hefði vitað

að ég má vera eins og ég er

Hve mikið líf mitt breyttist
þegar ég lærði
þegar ég fann
þegar ég vissi

að ég er falleg eins og ég er



Byrja í nýjum skóla

Hélt ég myndi týnast
gleymast
vera gleypst í einum bita

En þess í stað
fékk ég að blómstra

Andleg umskipti

Þykist stundum vera
önnur en ég er

Panta mér kaffi undir dulnefni
og bý mér til persónuleika
á meðan ég bíð

„Cappuccino, Esmeralda“

Finn ævintýrlega lykt í loftinu
og bragða nýtt upphaf í hverjum sopa

Klára úr bollanum
les í kaffisletturarnar sem eftir sitja

Þær segja mér
að ég sé í raun hin ævintýrasækna
en friðsæla Esmeralda
sem teiknar skissur
og drekkur cappuccino
á friðsælu kaffihúsi á föstudagskvöldi

Hjálp úr óvæntri átt

„Ég veit hvernig þér líður“
sagði bjargvætturinn
sem skildi mig svo vel

„Ég skil þig“
sagði bjargvætturinn
sem sagði mér frá tilfinningum sínum

„Fáðu hjálp“
sagði bjargvætturinn
sem studdi mig

„Þetta verður allt í lagi“
sagði bjargvætturinn
sem bjargaði lífi mínu

Friður í bolla

Flakka á milli kaffihúsa
geri kaffi samanburð
leitast við að finna
frið og ró í hjarta



Fullkomni kassinn

Ég fæddist inn í kassa
lítinn
þröngan
ímyndaðan

Það sá hann enginn
nema ég

Það bað mig enginn
um að dvelja í honum
nema ég

Eða ef til vill
raddirnar
í hausnum á mér

Hver er ég

Hver er ég
ef ég er mismunandi
frá degi til dags

Hver er ég
ef ég er ekki sú sama
á morgnana og kvöldin

Hver er ég
ef ég er mismunandi
á milli mínútna

Sannur vinur

Ég þoldi ekki kæfandi óvissuna
varð að fá það á hreint og því spurði ég:
„erum við enn vinir?“

Þú ansaðir ekki
heldur horfðir hugsi fram á við

Örvænting streymdi um líkama minn
og tíminn stóð í stað


Angist braust út í aumri sál minni
og tíminn stóð í stað

Volæði skein úr andliti mínu
og tíminn stóð í stað

Þar til ég svaraði spurningunni
svaraði mér sjálf:

„Sannur vinur
þyrfti ekki umhugsunarfrest“

Tíminn stóð í stað
þar til ég gekk af stað
og sagði skilið við þig



Hæðin og lægðin

Leggst á koddann
að kvöldi til
með það hugarfar
að á morgun skuli ég
sigra heiminn

Vakna morguninn eftir
finnst fætur mínir
þungir sem blý
og tilvist mín ekki geta breytt
nokkrum sköpuðum hlut



Drykkjuskapur

Hún var undirskál
úr þínu stelli

Henni var ætlað
að fegra bollan

Gæta að hans
eilífa skvetti

Passa að hann
dúkinn ekki bletti

Lof mér að gleyma

Ef þú brýtur saman þvottinn
þá gætirðu gleymt
brotnum loforðum

Ef þú ferð í gífurlega langa sturtu
þá gætirðu gleymt
löngu stundinni sem leið

Ef þú býrð afar vel um rúmið
þá gætirðu gleymt
djöflunum sem bjuggu um sig

Ef þú lagar púðana í sófanum
þá gætirðu gleymt
því sem þú gast ekki lagað

Ef þú þurrkar af húsgögnunum
þá gætirðu gleymt
tárunum sem þú þurftir að þerra

Ef þú burstar tennurnar til blóðs
þá gætirðu gleymt
því að blóðga þig

Ótroðnar slóðir

Í dag hafa leiðir okkar skilið
en hver veit
kannski munum við einn daginn
ganga sama stíginn
bæði með lokuð augun
ómeðvituð
um tilvist hvors annars

Nú hafa leiðir okkar skilið
en hver veit
kannski munum við einn daginn
brúa bilið
festast síðan á byrjunarreit
minnast þess
að við erum ekki
fyrir hvort annað sniðið



Tilvistin

Mig langar að svífa
heiminum frá
kannski fellur drífa
frá himninum þá

„Greindu ljóð“

Greina greina
hverju er skáldið mig að leyna?

Rína rína
brátt fer áhuginn að dvína

Melta melta
nei hvað er ég að elta

Reyna reyna
skáldið ætti að sálgreina!

Skilja skilja
fjallar ljóðið um lífsvilja?

Giska giska
ljóð eru algjör sérviska



Apríl

Apríl býr í skógi og tínir ber í ágúst
en hún á enga skó

Hún týndi þeim heima hjá Ágústi
einhvern tímann í apríl

Ljóstillífun

Ef ég væri planta
þyrfti ég ekki að borða
heldur draga í mig sólarljós
að fara „út að borða“
mundi öðlast glænýja merkingu



Frelsarinn

Getur stöðvað stríð
en ófriður ríkir

Getur allan heiminn fætt
en leyfir hungur

Getur breytt vatni í vín
en neyðir fólk í ríkið


Hér er ljóðið

Hafði nóg að gera
en lét það sitja á hakanum

Hafði í nógu að snúast
en frestaði því aðeins

Þurfti ýmsu að redda
en lét það aðeins bíða

og samdi ljóð í staðinn



Ypsilon

Fíllinn á afmæli í ágúst
og heldur upp á það
með því að fara í kirkju


En fýllinn hefur engan tíma í slíkt
hann ætlar að kyrkja Ágúst

Skólaganga

Læra læra
kennarann vil kæra
skrifa skrifa
er þetta tilgangur þess að lifa?

Læra læra
allt þarf að lagfæra
skrifa skrifa
klukkan er að tifa

Læra læra
þetta er nú algjör torfæra
skrifa skrifa
lesa lesa
„við útskrifum ekki lúsablesa“



Ekki er allt sem sýnist

Vöndu Sig
var sagt að vanda sig
að labba til Egils Daða

En hún keyrði frekar til Egilsstaða
til að hitta þar Dag Mar
sem skrifar bók um Dagmar

Sjómanns barn

Í bleikum náttkjól með kaldar tær
kraup hún í gluggakistu

Með hraðan hjartslátt
horfði hún til himins

Spennti greipar
og bað æðri máttarvöld
að senda pabba heilan heim



Lítill óviti

„Forvitinn fær ekki að vita“
svo ég fæ ekki að vita neitt

„Þú kemst að því þegar þú verður stór“
en ég verð víst aldrei stór


Minns og þinns

Saman rennum við á sleða
þinns aðeins hraðar

Saman rennum við niður brekkurnar
minns þínu hræddur

Saman löbbum við heim
fáum kakó með rjóma
þinns með aðeins fleiri sykurpúðum

Saman segjum við frá ævintýrum
þinns ýkir aðeins
og minns hlustar af aðdáun



Í garðinum heima

Með kórónu úr fíflum
og heimaræktuð hindber í hönd
virtu ég fyrir mér ríkidæmið

Með vöfflur í hárinu
og ósvikið bros á vör
sveiflaðist ég í trénu

Með heiminn í hendi mér
og hamingjuna í fararbroddi
tók ég stefnuna á tunglið

Fortíðarþrá


Áður þótti mér lítið varið
í mjúka pakka
en þrái nú einn slíkan

Þrái mjúka vettlinga
þrjónaða af einskærri ást

Vettlinga sem geisla
af umhyggju og alúð

Þrái langömmuvettlinga
sem verma hendur
og hjarta

En þá er hvergi að fá
og því fer jólaandinn
ekki lengur á stjá



Ímyndun barns

Bannað að snerta línur!
annars mun gangstéttin gleypa þig

Bannað að snerta línur!
annars munu hellurnar háma þig í sig

Bannað að snerta línur!
annars mun gangbrautin gagnrýna þig



Drukknun á þurru landi

Í ísköldu andrúmslofti
raunveruleikans
veit það sérhver sál

Að til þess að drukkna
þarf ekkert vatn

Árið 2064

Afi vissir þú það ekki?
hvað vissi ég ekki barnið mitt?
í gamla daga vissirðu þá ekki
að þú værir að skemma jörðina?

Afinn horfir
í spyrjandi augu arftaka síns

Jú heillin mín
ætli ég hafi ekki vitað það

En af hverju gerðirðu þá ekkert?

Afinn meltir spurninguna
svarar síðan af napurri hreinskilni

Í heimsku minni hélt ég
að það sem ég gerði
skipti ekki máli
ég hélt að aðrir jarðarbúar
myndu sjá um að bjarga jörðinni


Frá fuglum til fólks

Ó þú fagra manneskja!
hve ég öfunda frelsi þitt

Að geta stigið upp í næstu vél
og farið hvert sem er

Að geta komist til heitari landa
án þess að gera handtak

Án þess að þurfa
að blaka vængjunum



Helvískar mínútur

Djúpt í iðrum jarðar
búa verur

ótraustrar
illskeyttar
ófreskjur

Sem lifa eftir tímabelti
þvottavélamínútna

Októberkvöld

Í margra stiga frosti
horfi á norðurljósin

Gleymi
stund og stað


Gleymi
áhyggjum líðandi stundar

Gleymi mér
í sannri fegurð náttúrunnar

Hvað er í glasinu

Hélt þú værir vatn
ferskt
svalandi
nauðsynlegt

En þú varst í raun
ógeðslegt
ávanabindandi
vodka




Strákapör

„Hann er bara skotinn í þér“
var sagt við stelpuna
þegar strákurinn hrinti henni

„Hann elskar mig bara svo mikið“
sagði konan við sjálfa sig
þegar maðurinn reif í hár hennar
af einskærri ást

mar
beinbrot
sprungin vör

„Æ þetta eru nú bara strákapör“



Kyssa kokkinn

Ég lygni aftur augunum
leyfi huganum að reika
hugsa um framtíðina

Ég opna dyrnar
á fallega innréttuðu heimili
og heyri barnshlátur

Ég geng á hljóðið og staðnæmist
þegar ég sé sjálfa mig í andliti barnanna

„Það er kominn matur“ heyri ég kallað
ég renn á lyktina og er fljótt komin í eldhúsið

Þar sé ég sjálfa mig leggja litríkan mat á borð
og maka minn skammta börnunum á disk

Að máltíð lokinni göngum við frá
börnin þakka fyrir sig
og makinn kyssir mig á kinn
eins og hún er von að gera


Sönn fegurð

Sjá hana horfa á fjöllin
með stjörnur í augunum
og einlægt bros á vör

Fjöllin við fjörðinn minn
sem ég var hætt að sjá

Samstundis urðu fjöllin
eitt það fegursta
sem ég hafði augum litið

En þau voru þó ekkert
í líkingu við hana



Kyn

Merkilegt
hvað kyn
virðist skipta miklu máli

Merkilegt
hvað litningar
eiga að geta sagt mikið um okkur

Merkilegt
hvað fólk
nennir að spá í það
hvað er í nærbuxum annarra

Sérstakar þakkir

Ingibjörg Þórðardóttir, kennslukona í íslensku, leiðbeindi mér í verkefninu og vil ég þakka henni sérstaklega fyrir þann stuðning og hvatningu sem hún veitti mér. Ingibjörg, án þín hefði þessi bók aldrei orðið að veruleika.

Ágúst Ingi Ágústsson, betur þekktur sem Gústi, kenndi lokaverkefnið áfangann og hvatti mig til þess að gera ljóðabók. Ég vil þakka honum kærlega fyrir það. Einnig vil ég hrósa Gústa fyrir að veita mér ómeðvitaðan innblástur að titli bókarinnar.

Starfsfólki í gamla skólanum mínum, Grunnskóla Reyðarfjarðar, vil ég þakka fyrir lán á tæknibúnaði sem gerði mér kleift að teikna kápu bókarinnar.

Síðast en ekki síst vil ég þakka vinum og fjölskyldu fyrir að aðstoða mig við ýmsar ákvarðanir við gerð bókarinnar og fyrir að hafa hjálpað mér að gera loka útkomuna sem besta. Ég er gífurlega þakklát öllu því góða fólki sem stendur að baki mér.



Litir regnbogans

Hugur minn
er eins og himinninn
litríkur og grár
græðandi en tortímandi
skondinn en alvarlegur

Hugur minn
er himinninn
litríkur og grár
bjartur en drungafullur
einfaldur en margbrotinn í senn